

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 11. mars 2016

UST201602-254/B.S.

10.05.08

Efni: Umsókn. Rannsóknarleyfi - virkjun - Hundsá og Hestá. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn VesturVerks ehf. um rannsóknarleyfi.


Um er að ræða rannsóknir á aðrennslissvæði Skötufjarðar og Hestfjarðar. Hér er að hluta til um sama svæði að ræða og Orkubú Vestfjarða hefur sótt um leyfi til að rannsaka sbr. bréf Orkustofnunar dags. 23. febrúar sl.


Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Ólíkt umsókn Orkubúsins er í umsókn VesturVerks ekki tilgreind ákveðin aðkomuleið að fyrirhuguðum virkjanasvæðum. Umhverfisstofnun telur rétt að Orkustofnun setji skilyrði í leyfi þannig að sama aðkoma verði notuð til rannsókna á sama svæði og eingöngu notaðar slóðir sem fyrir eru sbr. umsókn Orkubús Vestfjarða. Fordast ætti allt óþarfa rask og slóðagerð því gera má ráð fyrir að annar virkjanakosturinn útiloki hinn að hluta eða öllu leyti.

Umhverfisstofnun telur að Orkustofnun mætti kanna hvort ástæða sé til að gera auknar kröfur um lýsingu á aðkomu stórvirkra vinnuvéla að fyrirhuguðum virkjanasvæðum þegar um umsóknir um rannsóknarleyfi er að ræða. Fyllri upplýsingar myndu gera umsagnir markvissari og minnka óvissu um möguleg umhverfisáhrif rannsókna.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri